

Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2007

Í Menningar- og bókasafnsnefnd sitja: Jóna Rut Jónsdóttir, formaður (D), Harpa Guðmundsdóttir, (S) og Einar Lárusson, (B). Starfsmenn safnsins eru Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður (í heilli stöðu), Guðrún Erla Hákonardóttir (í 40% stöðu), Guðbjörg Ásgeirsdóttir (í 40% stöðu) og Dóra Dís Hjartardóttir (í 25% stöðu).

Safnkostur og þjónusta

Við árslok var búið að skrá inn (tengja handvirkt) 15.884 safngögn, sem skiptast í bækur, hljóðbækur, tímaritshefti, tölvugögn, DVD myndir og myndbönd. Afskráð gögn samkvæmt Gegni voru 59.

Þann 1. maí 2007, tók gildi samstarfssamningur með Bókasöfnum Reykjanesbæjar, Voga og Grindavíkur. Með honum gildir eitt og sama skírteinið á öll söfnin, þó þannig að á fyrrnefndu söfnunum tveimur er tekið árgjald og nægir að greiða á öðru til að það gildi á hinu. Grindvíkingar þurfa því að greiða árgjald hjá öðru hvoru safninu ef áhugi er á að nýta sér hin söfnin. Með þessu opnast aðgengi að stærri og miklu fjölbreyttari safnkosti en ella.

Útlán

Heildarútlán voru rúmlega 13.900 eða nokkuð fleiri en í fyrra. Millisafnalán hafa aukist lítillega, en mesta aukning útlána er í tímaritum. Áhyggjuefni er að börn og unglingar taka ekki eins mikið af bókum og áður, þó að foreldrar sækja oft fyrir þau yngri á sín skírteini. Í sumarlestrarátaki bókasafnsins 2007 skráðu 55 börn sig til leiks en aðeins 28 skiluðu inn umsögnum um bækurnar. Skilin hefðu mátt vera betri, en orsökina gæti legið í góða veðrinu í sumar!

Útlán skiptast þannig:

- Bækur tæplega 11.000 eintök (þar af tóku börn og unglingar **sjálf** um 1.200)
- Annað efni rúmlega 2.500 (tímarit, hljóðbækur, myndir og tölvuefni)
- Hljóðbækur rúmlega 400 (í millisafnaláni frá Blindrabókasafni).

- Við lok árs var búið að gefa út 876 lánþegaskírteini sem skiptast á:

Fullorðna – 657;
unglinga – 91;
börn – 126
togara – 2.

Komur gesta á safnið

Nú virðist sem dregið hafi það mikið úr heimsóknum barna og unglinga á safnið, að eftir er tekið, sérstaklega nú fyrir jólin. Samkvæmt talningu virðist gestum fækka í um 155 manns að meðaltali **á viku** (úr tæpl. 170 síðasta ár). Þar af eru unglingar aðeins um 10 að meðaltali og börn rúmlega 30. Þetta gerist einmitt nú, þegar útgefnar bækur fyrir þennan aldurshóp hafa sjaldan verið fleiri. Netið er handhægt til að finna og nálgast upplýsingar. Þar er einnig hægt að skoða safnkost og sjá hvort bækur eru inni eða í útláni, auk þess sem það fer í vöxt að lánþegar endurnýji lánin þannig. Þetta og eftirfarandi upplýsingar af notkun á net-upplýsingaveitum okkar getur m.a. skýrt fækkun heimsókna á bókasöfnin sjálf. Vefbókasafnið (www.vefbokasafn.is) fékk t.d. 360.538 heimsóknir í ár (2006: 209.474) og á www.hvar.is var fjöldi greina, sóttar í fullri lengd 908.871 árið 2007, sem er aukning um 12,8% frá árinu áður.

Viðburðir

Nemendur úr Tónlistaskóla Grindavíkur léku á hljóðfærin sín í Verslunarmiðstöðinni í Viku bókarinnar og boðið var til barna-leiksýningar í Festi á sumardaginn fyrsta. Vilborg

Dagbjartsdóttir, Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir og Didda – skáldkonur og rithöfundar lásu upp og skemmtu með söng og tónlist á Degi bókarinnar. Lilja Valdimarsdóttir lék með þeim á horn. Samvinna milli Ríkisútvarpsins og almenningsbókasafna landsins leiddi af sér skemmtilegan viðburð í júlí, en þá var ákveðið að kynna nýtt útvarpsleikrit fyrir börn – Mæju Spæju, á söfnunum. Börnin mættu flest með foreldrum sínum og hlustuðu á kynningarefnið og lituðu myndir af persónum leikritsins. Þær voru síðan sendar í keppni um bestu myndina og vann einn heppinn Grindvíkingur verðlaun.

Í Norrænu bókasafnavíkunni s.l. nóvember, var safnið skreytt og bækur um og eftir norrænar konur lágu frammi, en þema vikunnar var norræna konan. Á degi íslenskrar tungu voru plaköt með íslenskum orðum yfir ákveðin hugtök hengd upp víða og íslensk ljóð (í plasti) send sundlaugargestum og einnig hengd upp á safninu og víðar um húsið. Einnig var skorað á gesti og gangandi að finna lengra orð á íslensku en

Vaðlaheiðavegavinnuverkfærageymsluskúraútidyralklappuhringur(-inn), og það kom -inn (þ.e. ákveðnum greini var bætt aftan við)!

Grindavík, 14. janúar 2008,

Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður Bókasafns Grindavíkur



Dagur bókarinnar – Skáldkonan Didda syngur við undirleik systranna Þórunnar og Lilju Valdimarsdætra.



Lestrarhestar sumarsins 2007:

Anna Pála Þorsteinsdóttir, 12 ára, Sunna Úrsúla Guðmundsdóttir, 11 ára og Hrunn Skúladóttir, 6 ára. Þær fengu allar Lestrardagbók í viðurkenningarskyni.